

AUGLÝSING

um sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir tveimur 400 kV háspennulínunum, Fljótsdalslínu 3 og 4, frá virkjun í Fljótsdal að Hrauni í Reyðarfirði. Línunum er ætlað að flytja raforku til fyrirhugaðrar stóriðju í Reyðarfirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 349

24. apríl 2001

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Stóri-Lambhagi 2, Skilmannahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að 1,5 ha landbúnaðarsvæði er breytt í athafna- og iðnaðarsvæði í landi Stóra-Lambhaga 2, Skilmannahreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skilmannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 350

24. apríl 2001

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, frístundabyggð í landi Minni-Borgar.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að 10 ha landbúnaðarsvæði í landi Minni-Borgar, Grímsnes- og Grafningshreppi, verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

26. apríl 2001

Nr. 351

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns 1. áfanga“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns 1. áfanga“.

Breytingin felst í því að lóðum sunnanmegin við Íshellu og lóð við Hringhellu er breytt í lóðir með fljótandi lóðarmörkum og lóðum á milli Rauðhellu og Móhellu er breytt.

Breytingin var í auglýsingu 31. janúar - 2. mars 2001, og athugasemdafrestur til 16. mars sl., samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 26. apríl 2001.

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

Guðlaug Þorsteinsdóttir.

26. apríl 2001

Nr. 352

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Sorphreinsunar- og sorppokagjald	kr. 2.500 á hverja íbúð
Sorpeyðingargjald	kr. 5.500 á hverja íbúð
Sorphirðugjald samtals	kr. 8.000 á hverja íbúð
Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum.	

3. gr.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök miðast við magn úrgangs og er árlega sem hér greinir: